

13.02.2011.

Fundargerð G.D.L.H. – símafundur.

Mættir voru Lárus H., Oddrún S., Sigurður Æ., Erlendur Á., Erla G., Ingibergur Á., Sigurður H.

1. Rætt var um að sækja um í Þróunarsjóðinn, 2.300.000 kr. fyrir endurmenntun gæðingadómara hérlandis og erlendis. Það var samþykkt samhljóða að gera það. Oddrún ætlaði að græja það.
2. Rætt var um að sækja aftur um í sama sjóðinn með LBHÍ. Sá styrkur var með yfirskriftina : Styrkumsókn vegna undirbúnings námskeiðaraðar fyrir hestadómara. Það sköpuðust nokkrar umræður um það á fundinum og voru fundarmenn ekki sammála um réttmæti þess að sækja um með LBHÍ. Kosið var um það og fór kosning þannig: Lárus, Sigurður H., Ingibergur Á., Erlendur Á. og Erla G. vildu sækja um með LBHÍ, Oddrún sagði pass og Sigurður Æ. var á móti. Sigurður Æ. vildi að þetta mál yrði rætt betur og þá í samstarfi við Sigurbjörn Bárðarson formann fræðslunefndar. En það var samþykkt að sækja um sameiginlega með LBHÍ. Oddrún ætlaði að ganga frá þeirri umsókn.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar var rædd. Semja þarf ályktun um það mál sem kom á þeim fundi um það að standa vörð um íslenska gæðingakeppni. Lárus ætlaði að fara í það að semja ályktun og senda á okkur hin í stjórninni. Einnig þarf að fara í lagabreytingarmálin.
4. Úthlutun dómara fyrir sumarið 2011 rædd . Ákveðið var að taka einn vinnudag um þessi mál og funda þá með fræðslunefnd GDLH í leiðinni. Verður gert eftir 1.apríl.
5. Landsdómaranámskeið. Það er á döfunni að halda slíkt námskeið í vor. Fram kom að það væri í raun vöntun á landsdómurum. Þeim hefur fækkað. Í framhaldi af því voru umræður um dómstörf á Landsmótum að það hafi verið stórt framfaraskref þegar dómara fóru að dæma í pörum.
6. Önnur mál. Oddrún greindi frá því að það væri verið að vinna í því að hafa upprifjunarnámskeið fyrir gæðingadómara á Norðurlöndunum. Hafa eitt slíkt námskeið í Kaupmannahöfn. Hún hefur verið í samstarfi við Bent Rune og Hinrik Þór S. Það stefnir allt í það að það verði framkvæmanlegt. Annað var ekki formlega undir liðnum önnur mál.

Ritari, Erla G.